Forsætisráðuneytið
Skrifstofa stefnumála
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
150 Reykjavík

Reykjavík 8. apríl 2020
Tilvísun: 2002053/4.0.0

Efni: Umsögn Landhelgisgæslu um niðurstöður átakshóps um úrbætur á innviðum

Niðurstöður átakshóps um úrbætur á innviðum eru nú til umsagnar í Samráðsgátt Stjórnvalda. Landhelgisgæslan hefur áður komið upplýsingum til átakshópsins varðandi ákveðna þætti í starfsemi stofnunarinnar. Landhelgisgæsla Íslands vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við skýrslu um uppbyggingu innviða 2020.

1. Í aðgerð LAN-003 – Mönnun stofnana, er Landhelgisgæslan tilgreind. Þetta þarfnast frekari skýringa. Landhelgisgæslan hefur ítrekað komið á framfæri óskum um þriðju og fjórðu áhafnirnar á varðskipin og er það í samræmi við Landhelgisgæsluáætlun. Í þessu sambandi vill Landhelgisgæslan árétta að það er einnig þörf á frekari mannafla á öðrum sviðum stofnunarinnar, t.d. á aðgerðarsviði.
2. Aðgerð LAN-116 – Hagnýting NATO ljósleiðaraþráða. Landhelgisgæslan vill koma því á framfæri að ekkert samráð var haft við stofnunina varðandi þetta atriði. Ýmsar rangfærslur koma fram í skýringum við þennan lið. Þrír af átta þráðum ljósleiðarans tilheyra Atlantshafsbandalaginu. Þeim verður ekki ráðstafað á annan hátt nema með samþykki bandalagsins, sjá auglýsingu nr. 60 frá 10. janúar 2017 um mannvirki og fjarskiptakerfi Atlantshafsbandalagsins og íslenska ríkisins sem nýtt eru í öryggis- og varnartengd verkefni og utanríkisráðherra ber ábyrgð á.
3. Í aðgerð LAN-041 – Skip Landhelgisgæslunnar, kemur fram að það sé mat Landhelgisgæslunnar að til að ná lágmarksviðbragðstíma þurfi að fjölga áhöfnum varðskipanna þannig að tvær áhafnir séu á hvoru skipi, sbr. einnig aðgerð LAN-003. Eins og áður hefur komið fram varðandi skipakost Landhelgisgæslunnar þá er verið að vinna að þarfagreiningu að skipakosti til framtíðar og er það í samræmi við Landhelgisgæsluáætlun. Landhelgisgæslan hefur ennfremur lagt á það áherslu að endurnýja þurfi varðskipið Týr.
4. Varðandi aðgerð LAN-065 vill Landhelgisgæslan árétta að best fari á að búnaður fyrir landtengingu varðskipa sem varafafls fyrir byggðarlög sé í eigu dreifiveita, en ekki Landhelgisgæslunnar.
5. Landhelgisgæslan tekur undir það sem kemur fram í aðgerð LAN – 094 að gera þurfi greiningu á því hvar þyrlueldsneyti fyrir vélar Landhelgisgæslunnar eigi að vera staðsett og að það verði tryggt að viðeigandi aðila verði falin ábyrgð á því að tryggja aðgang að eldsneyti í öllum landshlutum.

Að öðru leyti gerir Landhelgisgæslan ekki frekari athugasemdir við skýrsluna, en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

Guðríður Margrét Kristjánsdóttir
Yfirlögfræðingur